

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 23.02.2023

Stafræn gróska: Verkefni í vanda á tímamótum	2
Sundlaugar Reykjavíkur – rafræn kort: Verkefni í vanda.....	3
Regluvörður – Innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila	5

Verkefnaráðsfundur 23.02.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 23.02.2023
Dagsetning 23.02.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Þröstur Elvar Óskarsson, Lára Aðalsteinsdóttir, Helen Símonardóttir, Jón Hafsteinn Jóhannsson	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 23. febrúar 2023, kl. 10:00-11:00 – 5. hæð austur, Norðurkot, Borgartún 12-14.

- 10:00 – 10:05 Uppstilling
- 10:05 – 10:15 Stafræn gróska: Verkefni í vanda – Helen og Jón Hafsteinn
- 10:15 – 10:20 Umræður
- 10:20 – 10:35 Sundlaugar Reykjavíkur: stafræn kort og sjálfsafgreiðsla – Þröstur og Lára
- 10:35 – 10:40 Umræður
- 10:40 – 10:55 Regluvörður – viðskipti tengdra aðila og innherjaskráning – Stefán Viðar
- 10:55 – 11:00 Umræður
- 11:00 Fundi slitið

Stafræn gróska: Verkefni í vanda á tímamótum

Stærsta áskorunin í innleiðing nemendatækja í skólastarfs snýr að persónuvernd og lýsir sér eftirfarandi:

- Skólar fá ekki:
 - að setja upp neinar kennslulausnir á námstæki nemenda né að hefja notkun á vefútgáfum.
 - að setja upp kennslulausnir á ný námstæki þrátt fyrir að lausnir eru á eldri námstækjum í notkun í skólunum.
 - leyfi til að nota kennslulausnir sem ýta undir fjölbreytta kennsluhætti því þær á eftir að meta m.t.t. persónuverndar.
- Greina og meta þarf fleiri hundruð kennslulausnir m.t.t. persónuverndar til að tryggja örugga notkun í grunnskólastarfi.
- Greina og meta þarf kerfi sem halda utan um kennslulausnir í námstækjum og stór námsumsjónarkerfi.
- Starfsfólk RVKborgar ofhlaðið verkefnum og getur ekki sinnt þessu sem skyldi enda verkefnið bæði tíma- og mannfrekt.
- Sérfræðiþekkingu á lögum um persónuvernd og upplýsingaöryggi auk kennslufræðiþekkingar þarf til að vinna við mat á áhrifum á persónuvernd geti farið fram.
- Ferlar með hlutverkum, framkvæmd og ábyrgð eru óljósir og ólíkar skoðanir milli sviða á þeim.
- Framþróun í skólastarfi samhliða fjölgun námstækja og aukinnar kennsluráðgjafar er hamlandi þegar lausnir fá ekki skoðun m.t.t. persónuverndar: Námstækin nýtast því ekki sem skyldi.
- Neikvæð upplifun á fjölgun námstækja þegar kennslulausnir í tækjunum eru ónothæfar.

Lagt er til að:

- Að nýta fjármagn Stafrænnar Grósku sem sparaðist við hagstæðari innkaup á búnaði (námstækjum).
- Að stofna samstarfsumhverfi sérfræðings í persónuvernd, sérfræðings í upplýsingaöryggi og sérfræðings í kennslufræði sem bera ábyrgð á og leggja fram fullunna greinagerð ásamt MÁP-i þegar það á við.
- Að kaupa þjónustu sérfræðinga til að vinna við persónuvernd á kennslulausnum og kennslukerfum í notkun í námstækjum nemenda.
- Að verkefnahópur veitir fulltrúa ábyrgðaraðila vinnslunnar ráðgjöf svo hægt verði að taka upplýsta ákvörðun um heimild til notkunar á kennslulausnum og kerfum eða ekki.

Áætlaður verktími: 1. febrúar – 31. nóvember 2023**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Stafræn gróska: 4 4 1 5 5 4 3,13

Staðfest af verkefnaráði 14.3.2023

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð samþykkti að gerðar verði breytingar frá frumkostnaðaráætlun, þar sem 70 m.kr. verði nýttar til persónuverndar kennslulausna og kennslukerfa. Í frumkostnaðaráætlun var þetta fjármagn áætlað í búnaðarkaup, en ekki er áætlað að kaupa meiri búnað fram að verklokum verkefnisins. Verkefnið verður enn 49 m.kr. undir frumkostnaðaráætlun þegar áætlað er að því ljúki í lok árs 2023.

Verkefninu er vísað til fjármálastjóra ÞON – sem skoðar frávík frá kostnaðaráætlun og metur viðbrögð vegna þeirra. Upplýsir verkefnastjóra, sem fer svo með málið áfram til verkefnaskráarstjóra sem tekur það fyrir á verkefnaráðsfundi, og þar er tekin ákvörðun

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir að nýta fjármagn sem átti að fara í búnaðarkaup, og ekki er þörf á þar, yfir í persónuvernd
2	Fjármálastjóri ÞON skoðar frávíkin og metur viðbrögð ATH ?

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Niðurstaða tilkynnt til verkefnastjóra og stafræns leiðtoga	EJ	x
2	Bera undir fjármálastjóra	EJ	x

Sundlaugar Reykjavíkur – rafræn kort: Verkefni í vanda

Stefnt hefur verið að því í töluverðan tíma að auðvelda borgarbúum að kaupa miða, fylla á kort og kaupa áskriftir eða árskort á stafrænan máta og valið að nýta símann ef það hentar.

Þá var ætlunin að sjálfvirknivæða afgreiðslu á kortum fyrir þá sem hafa rétt á ókeypis sundkort í dag, m.a. allir sem fá fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbætur, öryrkjar auk starfsfólks. Í dag er vinnan handvirk á mörgum stöðum í borginni. Markmiðið er að meginþorri gesta geti afgreitt sig sjálfir með miða og kort og þannig verður fækkun á plastkortum í umferð sem og minnkar álag í afgreiðslu.

ÍTR fékk kynningu á þeim viðbótum sem voru væntanlegar frá afgreiðslukerfinu BRP sem í notkun er í dag, varðandi vefsölu/áfillingu korta + sérstaks smáforrits í síma sem möguleika til að leysa stafræn kort í sund og fjölskyldugarð. Til viðbótar var undirbúið að hægt yrði að nýta lausnina fyrir menningarkort ef MOF gæti tekið upp sama afgreiðslukerfi. Upplýsingatæknihönnuður Reykjavíkurborgar sat kynningu og tók undir að það væri eflaust ódýrasti kosturinn ef *White Label* lausnin sem þeir bjóða upp á myndi uppfylla þarfir. Virkinn virtist uppfylla helstu kröfur sem ÍTR setti fram og gert ráð fyrir almennri áframþróun á því appi/vefviðmóti framundan í kerfinu.

Þegar verkefnið fékk verkefnastjóra var farið í DPS útboð og fengið teymi sem gæti unnið nánari greiningu þörfum borgarinnar og notenda fyrir rafrænt sundkort sem og greint tæknilega möguleika lausnarinnar. Í framhaldið hannað og útfært lausnina. Vettvangur vann greiningu með þverfaglegum hópi frá ÞON ásamt eiganda og fulltrúum öryggismiðstöðvar / BRP. Niðurstaða þeirrar greiningar var að mæla ekki með þeirri lausn heldur að þróa viðmót í tækniumhverfi vefsvæða Reykjavíkur og tengja virkni úr undirleggjandi kerfi með vefþjónustum sem eru til staðar.

Verkefnið hefur verið í bið of lengi þar sem ekki hefur náðst samstaða um hvor útfærslan verði fyrir valinu og því óskað eftir að álit og ákvörðun frá verkefnaráði varðandi næstu skref.

Samantekt á greiningunni frá Vettvangi:

- Eftir að hafa granskoðað White-Label lausn BRP með tilliti til krafna Reykjavíkurborgar, þarfa notenda og hugmynda Reykjavíkurborgar um framtíðarhlutverk kortanna **er það eindregin niðurstaða okkar að mæla ekki með þeirri lausn.**
- Rökin koma skýrt fram í greiningunni, en upp úr stendur að notendaupplifun verði ekki í samræmi við væntingar borgarbúa. Reykjavíkurborg hefði lítil eða engin áhrif á eiginleika og þróun lausnarinnar. Ekki er komin niðurstaða frá BRP hvort rafræn skilríki og innlend greiðslulausn verði samþættar.
- Ljóst er ekki yrði hægt að breyta eða aðlaga ferlið né bæta við samþættingum við vefþjónustur sem myndu leyfa sjálfvirknivæðinguna sem áætluð var.
- Líklegt er að fyrr en seinna yrði horfið frá þessari lausn og sérsmíðuð lausn. Þetta hefði líklega með í för með sér meiri kostnað fyrir borgina þegar upp er staðið.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Sundlaugar Reykjavíkur – gögn og sjálfsafgreiðsla 5 5 15 5 5 3,67

Staðfest skor: 23.2.2023.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samkvæmt greiningu frá Vettvangi er ljóst að White Label lausnin uppfyllir ekki kröfur Reykjavíkurborgar þar sem hún uppfyllir ekki ákveðna þætti er snúa að þróunaraðila, hönnun og aðgengi. Lausnin er lokuð sem hefur þónokkra galla í för með sér, eins og sjá má nánar í greiningunni frá Vettvangi. Ekki verður horfið frá ófrávíkjanlegum kröfum um hönnunarstaðla, öryggishönnun og sjálfvirknivæðingu, ásamt þeim göllum sem tilteknir eru við kerfið.

Verkefnaráð leggur til að Vettvangur haldi áfram þeirri vinnu sem nú þegar er hafin.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnaráð leggur til að Vettvangur haldi áfram þeirri vinnu sem nú þegar er hafin.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Miðla til Stafræns leiðtoga og verkefnastjóri sem upplýsa sviðstjóra um niðurstöðu verkefnaráðs.	ÁÞG	x
2	Óskað er eftir ákvörðun sviðsins og rökstuðningi ef ekki verði haldið áfram.	LA	x

Regluvörður – Innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila

Innherjaskráning

Skv. lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu og lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk MAR reglugerðar ESB (ásamt fleiri lögum og reglugerðum) ber Reykjavíkurborg að halda skrá um alla varanlega innherja Reykjavíkurborgar svo og tímabundinna innherja þegar svo ber undir og ber regluvörður RVK ábyrgð á framfylgd. Erfitt er í dag að fá innherja til að skila gögnum til regluvarðar, skráning er tímafrek. Ferlið er íþyngjandi, handvirkt og mikið um meðhöndlun á pappír og tölvupóstsamskipti. Vegna flækjustigs er erfitt að fá aðila til að skila tímanlega og fer mikill tími í að fylgja eftir skráningum. Skortur á gagnsæi og rekjanleika. Skilaskylda fylgir skráningunni til FME. Þá er margskráning á upplýsingum mikil.

Uppfylla þarf persónuverndarlög, meðhöndlun persónuupplýsinga í tölvupósti og á pappír, upplýsingaöryggi. Mikilvægt að auðvelda aðilum aðgengi að skilum á skyldubundnum upplýsingum.

Viðskipti tengdra aðila

Skv. ársreikningalögum ber Reykjavíkurborg að upplýsa um öll viðskipti tengdra aðila í ársreikningi hvers árs og ber regluvörður RVK ábyrgð á framfylgd. Erfitt er í dag að fá viðkomandi aðila (kjörnir fulltrúar og embættismenn) til að skila gögnum um viðskipti tengdra aðila. Skráning er tímafrek og mikil handavinna á sér stað sem og margskráning gagna. Ferlið er íþyngjandi og mikið um meðhöndlun á pappír og tölvupóstsamskipti. Vegna flækjustigs er erfitt að fá aðila til að skila tímanlega og fer mikill tími í að fylgja eftir skráningum svo hægt sé að ganga frá greinargerð með ársreikningi og upplýsa endurskoðendur um niðurstöður. Skortur ár gagnsæi og rekjanleika.

Uppfylla þarf persónuverndarlög, meðhöndlun persónuupplýsinga í tölvupósti og á pappír, upplýsingaöryggi. Mikilvægt að auðvelda aðilum aðgengi að skilum á skyldubundnum upplýsingum.

Óskað er eftir fjármagni úr fjárfestingarsjóði ÞON til að koma þessu í stafrænt ferli og framfylgja lögum.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila 1 2 5 4 5 2 3,13

Staðfest skor: 23.2.2023.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Að verkefnið fari í nánari og skýrari greiningu, skoða hvað við eigum sem getur betur stutt við þetta. Hvaða lausnir eru til, hvað er til á markaði og sérsmíði. Skoða umsóknarferli, 364 power platform, jira etc.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnaráð leggur til nánari greiningu með verkefnastjóra.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Tilkynnt til stafræns leiðtoga sem upplýsir eiganda	EJ	X
2	Tilkynnt til teymisstjóra verkefnastýringar og fer á bið eftir verkefnastjóra	EJ	x

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn þann 16.03.2023